

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að afmörkuð verði biðstöð fyrir hóp bifreiðar (söfnunarstæði) staðsett sunnan við Skúlagötu og vestan Klapparstígs.
Biðstöð er merkt með umferðarmerkinu D09.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
2. Að Laugavegur verði einstefna til austurs milli Klapparstígs og Frakkastígs.
Einstefnu skal merkja með umferðarmerkinu D07.11 og B01.21 við hinn enda götunnar þar sem einstefnu lýkur samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
3. Að fyrri auglýsing um einstefnu á Laugavegi til vesturs á sama vegarkafla verði felld úr gildi.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 29. apríl 2019,

Hulda Elsa Björgvinsdóttir staðgengill.